OSKJUHLIÐ
KEILUSALURINN
OPINN 10.00-00.30

Morgunblaðið

EUROCARD
STAÐFEST LÁNSTRAUST

MIÐVIKUDAGUR 16. OKTÓBER 1985 VERÐ Í LAUSASÖLU 35 KR.

Íslensk hjón handtekin á Schiphol-flugvelli:

Hugðust smygla heróíni á 1½ árs gömlu barni sínu

VIÐ VOPNALEIT á Schipholflugvelli í Amsterdam fyrir helgi fundu hollenskir öryggisverðir 25 grömm af heróíni, 650 grömm af hassolíu og 100 grömm af hassi á 1½ árs gömlu íslensku barni. Foreldrar barnsins - liðlega tvítug hjón voru handtekin og kröfðust íslensk yfirvöld framsals þeirra.

Hjónin voru væntanleg til landsins með þotu Arnarflugs frá Amsterdam í nótt, en þau hafa ekki komið við sögu fíkniefnamála áður. Eitthvað málmkennt á barninu leiddi til fundarins á Schipholflugvelli. Samkvæmt heimildum Morgunblaðsins leikur grunur á, að hjónin hafi tekið að sér að flytja fíkniefnin inn fyrir mann, sem hefur verið úrskurðaður í 30 daga gæsluvarðhald.

Fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík hefur unnið sleitulaust að rannsókn málsins frá því fíkniefnin fundust á barninu. Sólarhring eftir að hjónin voru tekin, var gerð umfangsmikil leit á fjórum farþegum, sem komu með þotu Arnarflugs frá Amsterdam. Nákvæm leit var gerð í farangri og fjórmenningarnir voru gegnumlýstir vegna gruns um fíkniefnasmygl. Einn fjórmenninganna var úrskurðaður í 30 daga gæsluvarðhald á sunnudag og eiginkona hans í viku gæsluvarðhald. Húsleit var gerð á heimili þeirra. Engin fíkniefni fundust, en lögreglumenn fundu merki fíkniefnaneyslu á heimilinu.

Samkvæmt heimildum Morgunblaðsins, leikur grunur á, að maðurinn sem nú situr í gæsluvarðhaldi, hafi haft í hyggju að smygla sjálfur fíkniefnum inn í landið, en hætt við þegar eiturefnin fundust á barninu. Hann hafi fengið vitneskju um að ekki væri allt með felldu þegar hjónin komu ekki til Íslands á tilsettum tíma. Sem fyrr sagði, kom hann hingað til lands um sólarhring eftir uppákomuna á Schipholflugvelli.

Aðeins einu sinni áður hefur orðið uppvíst um heróínsmygl til Íslands. Það var árið 1983 þegar 0,3 grömm af heróíni fundust. Nokkuð erfitt er því að meta söluverði heróínsins á markaði hér á landi, en talið að það geti verið um 200 þúsund krónur. Söluverðmæti fíkniefnanna, sem fundust í Amsterdam, er talið á markaði hér á aðra milljón krónur.



Bíllinn vó salt

SVAVARI Cesar Kristmundssyni, bílstjóra á flutningabíl frá Húsavík, brá heldur betur í brún í fyrrinótt er hann var að aka Öxnadalsheiðina. Vegurinn datt skyndilega niður og framendi bílsins með, svo hann vó salt á brúninni. Hafði vegurinn farið í sundur vegna vatnavaxta.

Sjá viðtal við Svavar á bls. 4.

Penslarnir hans langafa

MIKIÐ fjölmenni var viðstatt opnun yfirlitssýningar á verkum meistara Kjarvals á Kjarvalsstöðum í gær, í tilefni 100 ára afmælis listamannsins. Davíð Oddsson, borgarstjóri, opnaði sýninguna formlega.

Meðal gesta við opnunina var sonarsonur Kjarvals og alnafni, Jóhannes S. Kjarval, arkitekt, ásamt konu sinni, Gerði Helgadóttur, og börnum þeirra tveimur. Hér eru börnin að skoða pensla og liti, sem langafi þeirra notaði. Þau eru talið frá vinstri: Þóra Kjarval, Sveinn Kjarval og loks Edda Fransiska Kjarval, dóttir Kolbrúnar systur Jóhannesar. Fyrir aftan standa Jóhannes S. Kjarval og Gerður Helgadóttir.

Sýningin mun standa næstu vikurnar og er búist við geysilegri aðsókn.



Morgunblaðið/RAX

Þjóðhagsáætlun 1986:

Á að skattleggja innlendan sparnað?

Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1986, sem kynnt var í gær, er gert ráð fyrir að hagvöxtur á næsta ári verði um 2% og næstu tvö ár þar á eftir 2,5%. Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra sagði í gær að það væri fyrirsjáanlegur hagvöxtur næstu árin sem skapaði svigrúm til þess að vinna áfram að hjöðnun verðbólgu og að draga úr erlendum skuldum, án þess að kaupmáttur þyrfti að skerðast.

Forsætisráðherra var að því spurður hvort stjórnvöld hefðu í hyggju að skattleggja innlendan sparnað: „Ísland er nú eina landið sem sem ég hef upplýsingar frá, þar sem jákvæður sparnaður er ekki skattlagður. Það hefur ekki verið lagt til að svo verði gert hér, en við höfum safnað saman upplýsingum sem sýna að öll önnur lönd gera það. Það orkar kannski tvímælis að skattleggja eina eign, en ekki aðra. Þetta er hins vegar umræða sem ekki er komin neitt áleiðis, og ef ákvörðun yrði tekin um að skattleggja sparifé, yrði það tengt tekjum," sagði Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra.

Sjá frétt um Þjóðhagsáætlun 1986 á bls. 28.

Líkur á að ASÍ-félögin fái 3% hækkunina í dag

ALLT BENDIR til að árdegis í dag verði gengið frá því milli Alþýðusambands Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hinsvegar að félagar í ASÍ fái í dag 3% launahækkun sambærilega þeirri eins flokks hækkun, sem fráfarandi fjármálaráðherra samdi um við BSRB í fyrri viku. Fundur þessara aðila var ákveðinn klukkan tíu í dag.

„Ég sé ekki að það sé hægt að ganga framhjá ASÍ að þessu leyti - en ég sé heldur ekki að það sé nokkuð svigrúm til þessarar hækkunar," sagði Hjörtur Eiríksson, framkvæmdastjóri Vinnumálasambandsins, í samtali við blm. Morgunblaðsins í gær. „Við eygjum eiginlega enga leið út úr þessu úr því sem komið er." Hjörtur lagði áherslu á, að endanleg ákvörðun um að 3% hækkunin gengi til allra launþega í landinu, hefði ekki verið tekin. „Ég á ekki von á löngum umræðum á þessum fundi, þetta verður fyrst og fremst ákvarðanataka," sagði hann.

Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, kvað enga ákvörðun hafa verið tekna um hvort aðildarfélög ASÍ fengju umræddda launahækkun í kjölfar samningsins við BSRB en sagði að aðilar vinnumarkaðarins fyndu greinilega fyrir "vaxandi þrýstingi eftir því sem fleiri sveitarfélög gangast inn á þessa hækkun".

Ekki er reiknað með að samtök atvinnurekenda breyti í nokkru þeirri afstöðu sinni, að launahækkun skuli aldrei virka aftur fyrir sig. Samkvæmt því má reikna með að hugsanleg 3% launahækkun til ASÍ-félaga gildi frá og með deginum í dag.

Veðrið:

Hlýjast á Dalatanga í allri Evrópu

UNDANFARNA daga hafa verið mikil hlýindi hér á landi. Hitinn komist hæst í 22 stig á Dalatanga og var hvergi hærri í Evrópu.

Samkvæmt upplýsingum frá veðurstofunni gerist það af og til að hingað streyma hlýir loftstraumar sunnan úr höfum á þessum árstíma. Því veldur mikil hæð yfir Bretlandseyjum og lægð suð-vesturundan, sem í sameiningu dæla hingað heitu lofti langt sunnan úr höfum. Loftið hlýnar þegar það kemur inn yfir landið og skilur eftir rigningu sunnan- og vestanlands. I dag er búist við kólnandi veðri með suð-vestanátt þegar kuldaskil með svalara lofti ná inn yfir landið og hlýindin fara austur fyrir land.